


Verðhækkanir óásættanlegar

Verðlagseftirlit ASÍ hefur að undanfögnu staðið fyrir viðamiklum verðmælingum í verslunum til þess að fylgjast með því hvernig lækkar á virðisaukaskatti og vörugjöldum þann 1. mars sl. skila sér til neytenda.

Hér eru birtar niðurstöður úr verðmælingum í lágvöruverslunum á tímabilinu frá mars til maí. Helstu niðurstöður eru þær að verð hækkar mest í verslunum Krónunnar eða um 4,6% en lækkar lítillega í Nettó eða um 0,2%.

Það vekur athygli að verð skuli hækka í þremur verslunum og einungis lækka lítillega í einni verslun þegar það er haft í huga að áhrif af lækkun vörugjalda hefði átt að koma fram á umræddu tímabili og einnig hefur gengi íslensku krónunnar styrkst að undanfögnu.




Þegar skoðaðar eru verðbreytingar eftir vöruflokkum kemur í ljós mikill munur milli einstakra vöruflokka innan verslana og ekki síður milli verslana. Mest er hækkunin á vöruflokknum gosi, söfum og vatni í Bónus og Krónunni 13,4% og 19,9% og á fiski í Bónus 13,0%. Mest lækkar verð á fiski í Nettó eða um 3,9%.

Verðbreytingar á vöruflokkum mars - maí 2007				
	Bónus	Krónan	Nettó	Kaskó
Brauð og kornvörur	-0,6%	1,0%	0,1%	1,0%
Kjöt	0,6%	8,0%	-1,1%	0,4%
Fiskur	13,0%	4,3%	-3,9%	9,6%
Mjólk, ostar og egg	1,1%	2,4%	1,0%	0,8%
Olíur og feitmeti	-3,5%	0,6%	-0,4%	-0,8%
Ávextir	-3,2%	5,8%	-0,2%	1,3%
Grænmeti og kartöflur	-0,5%	-0,5%	-1,6%	-3,5%
Sykur, súkkulaði og sætindi	-2,6%	0,8%	0,2%	0,4%
Aðrar matvörur	0,8%	1,3%	-1,2%	2,6%
Kaffi, te og kakó	0,2%	-1,5%	0,5%	0,1%
Gos, safar og vatn	13,4%	19,9%	0,7%	0,1%

Verðmælingar verðlagseftirlits ASÍ voru gerðar í verslunardeðjunum um land allt og stóðu yfir í um vikutíma í senn í mars og maí. Rétt er að taka fram að ekki er um verðsamanburð á milli verslanakeðja að ræða heldur er hér einungis lagt mat á verðbreytingar innan hverrar keðju fyrir sig. Við útreikninga á verðbreytingum verslana er reiknuð út vegin breyting á verði vörukörfu í hverri verslunardeðju. Grunnur að vog vörukörfunnar er byggður á þeirri vog sem Hagstofa Íslands notar til útreiknings á vísitölu neysluverðs.

Vonbrigði með verðþróun frá áramótum

Þegar niðurstöður verðmælinga ASÍ eru skoðaðar frá því í desember 2006 til maí 2007 kemur í ljós að verð í lágvöruverslunum hefur lækkað um 4,2% til 6,7%.



Samkvæmt mati Hagstofunnar átti lækkun á virðisaukaskatti að lækka verð á matar- og drykkjarvörum um 7,4% og lækkun vörugjalda að skila 1,3% lækkun til viðbótar. Að auki styrktist gengi íslensku krónunnar um 6% frá 15. desember 2006 til 15. maí 2007. Verð í lágvöruverslunum hefði því átt að lækka umtalsvert meira en raunin varð. Þessi niðurstaða er því óásættanleg fyrir neytendur og veldur miklum vonbrigðum.

Óheimilt er að vitna í niðurstöðurnar í auglýsingum og við sölu nema með heimild ASÍ